

# EFTIRLITSSKÝRSLA

## Sorpstöð Rangárvallasýslu Strönd



Dags eftirlits	27.10.2022	Ábyrgðarmaður eftirlits	Sigríður Magnúsdóttir
Fyrirtæki	Sorpstöð Rangárvallasýslu	Eftirlitsmaður	Freyr Ævarsson
Heimili	Suðurlandsvegi 1	Tegund eftirlits	Reglubundið
Kennitala	600893-2469	Flokkur	Úrgangur og efnamóttaka
Fulltrúi fyrirtækis	Einar Bárðarson	ÍSAT nr.	38.21.0
Fulltrúi fyrirtækis		Staðsetning	690508,452 590016,913

### NIÐURSTAÐA EFTIRLITS

Fram fór reglubundið eftirlit á urðunarstað Sorpstöðvar Rangárvallasýslu að Strönd. Við eftirlit kom fram eitt frávik er varðar urðun á lífrænum úrgangi umfram heimildir starfsleyfisins. Enn eru opin eldri frávik er varða urðun á lífrænum úrgangi umfram heimildir starfsleyfisins.

### UMFANG EFTIRLITS

Fram fór reglubundið eftirlit á urðunarstað Sorpstöðvar Rangárvallasýslu að Strönd. Umfang eftirlitsins var eftirfarandi:

- Staða frávik
- Önnur mál
- Skoðunarferð

Rekstraraðili hefur heimild til urðunar á 800 tonnum af lífrænum úrgangi á ári verði kröfur um mengunarvarnir uppfylltar, sbr. gr. 1.2, 3.2, 3.3, 3.4 og 5.2 í starfsleyfi. Rekstraraðili hefur ekki sett upp mengunarvarnir á urðunarstaðnum og hefur þ.a.l. ekki heimild til að urða annað en óvirkan úrgang á urðunarstaðnum. Gerðar voru breytingar á starfsleyfinu sem annarsvegar tóku gildi 18. nóvember 2020 og hinsvegar 3. nóvember 2021.

Í fyrri breytingunni var veitt tímabundin heimild til urðunar á 1000 tonnum á lífrænum úrgangi, þar af 800 tonn árið 2020 og 200 tonn árið 2021 án þess að uppfyllt væru skilyrði um mengunarvarnir. Í seinni breytingunni var heimildin aukin upp í 1600 tonn, 800 tonn árið 2020 og 800 tonn árið 2021. Heimildin var veitt á grundvelli áhættumats frá 12. ágúst 2020.

Þann 18. nóvember 2020 fór fram óvenjubundið eftirlit á urðunarstaðinn. Við eftirlitið kom í ljós frávik frá gr. 1.2 í starfsleyfi þar sem verið var að urða grófan úrgang og lífrænan úrgang á urðunarstaðnum umfram heimildir starfsleyfisins. Árið 2020 voru urðuð 1560 tonn af lífrænum úrgangi. Úrbótaáætlun rekstraraðila var samþykkt 8. mars 2021.

Þann 30. nóvember 2021 fór fram reglubundið eftirlit á urðunarstaðinn. Við eftirlitið kom í ljós að urðun lífræns úrgangs var umfram heimild starfsleyfisins. Rekstraraðila var heimilt að urða 800 tonn árið 2021 án þess að uppfylla skilyrði um mengunarvarnir. Árið 2021 voru urðuð 1120 tonn af lífrænum úrgangi. Rekstraraðili sendi inn úrbótaáætlun 2. mars 2022 og óskaði Umhverfisstofnun eftir uppfærðri úrbótaáætlun 28. apríl sl., rekstraraðili sendi uppfærða úrbótaáætlun til stofnunarinnar þann 26. júní sl. sem reyndist ekki fullnægjandi og óskaði Umhverfisstofnun eftir uppfærslu á þeirri úrbótaáætlun þann 1. september sl. Áætlun hefur ekki borist.

Þann 17. ágúst 2022 óskaði Umhverfisstofnun eftir magntölum þess úrgangs sem urðaður hafði verið það sem af var ári. Fram kom í svari rekstraraðila að fram til 20. ágúst 2022 höfðu verið urðuð 471 tonn af lífrænum úrgangi. Þar sem rekstraraðili hefur ekki sett upp mengunarvarnir hefur rekstraraðili ekki heimild til urðunar á lífrænum úrgangi og telst þetta því sem frávik frá starfsleyfi.

Fram hefur komið í eftirlitum og samskiptum við rekstraraðila að unnið hafi verið að úrbótum í samstarfi við viðskiptavinum sorpstöðvarinnar og mikið áunnist í þeim efnum. Enn fer þó fram urðun á lífrænum úrgangi á urðunarstað sorpstöðvarinnar sem er umfram heimildir starfsleyfisins.

Í eftirliti nú var farið yfir stöðuna með rekstraraðila og mögulegar úrlausnir. Farið var í skoðunarferð um urðunarstaðinn og ekki var tilefni til athugasemda við frágang hans að þessu sinni.

gr. 1.2 í starfsleyfi

Rekstraraðila er heimilt að urða 800 tonn af lífrænum úrgangi á ári séu uppfylltar kröfur um mengunarvarnir, sbr. gr. 3.2, 3.3, 3.4 og 5.2. Urðaður hefur verið lífrænn úrgangur á urðunarstaðnum árið 2022, mengunarvarnir hafa ekki verið settar upp, og er urðunin því umfram heimildir starfsleyfisins.



**1** Frávik: Framkvæmd telst ekki í samræmi við kröfur sem settar eru fram í starfsleyfi, lögum eða reglugerðum.

**2** Ábending: Ástand sem eftirlitsmaður telur vert að vekja athygli á í þágu heilsuverndar, umhverfisverndar og öryggis en sem ekki geta talist frávik.

Reykjavík, 04.01.2023



---

Sigríður Magnúsdóttir

